



# Reglur

## um

### afplánun á Áfangaheimili Verndar að Laugateigi 19, Reykjavík.

#### 1. gr.

Dómþoli, sem afplánar fangelsisrefsingu eða vararefsingu fésektar getur sótt um að afplána síðasta hluta hennar á Áfangaheimili Verndar að Laugateigi 19, Reykjavík. Að jafnaði skal dvalartími á áfangaheimilinu ekki vera styttri en 3 vikur og skal dómþoli að jafnaði hafa afplánað a.m.k. 1/3 hluta afplánunartímans í fangelsi eða með samfélagsþjónustu áður.

Þegar dæmd refsing er eitt ár eða minna getur dvalartími á áfangaheimilinu orðið allt að 3 mánuðir. Þegar dæmd refsing er yfir eitt ár lengist dvöl á áfangaheimilinu um 2,5 daga fyrir hvern dæmdan mánuð og verður 4 mánuðir við 2ja ára fangelsisrefsingu. Dvöl lengist síðan með sama hætti um einn mánuð fyrir hvert dæmt ár og getur orðið að hámarki 12 mánuðir þegar dæmd refsing er 10 ára fangelsi.

#### 2. gr.

Fangi sem afplánar refsivist á Áfangaheimili Verndar skal reglulega stunda vinnu eða nám. Vinnuveitanda eða skólayfirvöldum skal gert ljóst að viðkomandi sé fangi og hafa samþykkt að eftirlit verði haft með því að hann stundi vinnu eða nám.

Fangi skal greiða dvalar- og fæðiskostnað til áfangaheimilisins eins og hann er ákveðinn hverju sinni. Sama gildir um greiðslu annars kostnaðar sem hlýst af því að stunda vinnu eða nám, s.s. ferðakostnað og námsgögn.

#### 3. gr.

Umsókn um afplánun hluta refsivistar á Áfangaheimili Verndar að Laugateigi 19, skal senda til Fangelsismálastofnunar ríkisins. Í umsókn skal m.a. tilgreina væntanlegan vinnustað eða fyrirhugað nám. Áður en umsókn er tekin til endanlegrar ákvörðunar



skal leggja fram skriflega staðfestingu vinnuveitanda um ráðningu umsækjanda eða sambærilegar upplýsingar um nám.

Fangelsismálastofnun metur hvort umsækjandi uppfylli skilyrði til afplánunar á áfangaheimilinu. Telji stofnunin umsækjanda ekki uppfylla skilyrði til vistunar þar er sú ákvörðun kæránleg til dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Auk samþykkis Fangelsismálastofnunar er afplánun á áfangaheimilinu háð því skilyrði að húsnefnd Verndar samþykki umsóknina. Telji húsnefnd umsækjanda ekki hæfan til afplánunar á áfangaheimilinu er sú ákvörðun endanleg.

Það er forsenda fyrir því að dómþoli fái að afplána á áfangaheimilinu að hann samþykki þau skilyrði sem gilda um vistun þar og undirriti samning þar um.

#### 4. gr.

Skilyrði þess að unnt sé að fallast á afplánun á Áfangaheimili Verndar eru:

- a. Að fangi hafi ekki gerst sekur um agabrot í refsivistinni síðustu 6 mánuðina og að hegðun hans hafi að öðru leyti verið til fyrirmyndar.
- b. Strjúki fangi úr afplánun skulu líða a.m.k. tvö ár þar til hann telst hæfur til dvalar á Vernd.
- c. Að í refsivörslukerfinu sé ekki til meðferðar mál þar sem dómþoli er kærður fyrir refsiverðan verknað.
- d. Að dómþoli hafi að jafnaði ekki í fyrri afplánunum á síðastliðnum 2 árum verið vikið af áfangaheimilinu.
- e. Að dómþoli teljist hæfur til dvalar á áfangaheimilinu.
- f. Að ekki mælist áfengi í öndunarsýni eða ólögleg ávana- eða fíkniefni greinist í þvagprufu dómþola sem hann afhendir áður en til vistunar á áfangaheimilinu kemur.

Víkja má frá skilyrðum a, b og c liðar ef mjög sérstakar ástæður mæla með því.

#### 5. gr.

Almennt skal miða við að dómþoli hefji dvöl á Áfangaheimili Verndar á miðvikudegi kl. 18:00 eða sunnudegi kl. 21:00. Ef hámarkstími á Vernd reiknast vera frá fimmtudegi eða mánudegi skal vistunartími vera frá miðvikudeginum eða sunnudeginum á undan annars frá næsta miðvikudegi eða sunnudegi þar á eftir.

Forsvarsmaður Verndar tekur á móti dómþola, kynnir honum húsreglur og vísar til herbergis.



Fanga er óheimil útivist sem hér segir:

- Mánudaga til föstudaga frá kl. 23:00 – kl. 07:00.
- Laugardaga og sunnudaga frá kl. 21:00 – kl. 07:00.

Fangi sem afplánar refsivist á áfangaheimilinu skal fylgja öllum almennum húsreglum sem þar gilda auk eftirfarandi reglna:

- Fangi skal mæta í hús á kvöldverðartíma mánudaga til föstudaga fyrir kl. 18:00 og dvelja þar til kl. 19:00.
- Ef fangi sækir ekki vinnu eða nám á virkum degi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum er honum óheimilt að yfirgefa áfangaheimilið nema í samráði við húsvörð og þá í skamman tíma.
- Fanga er óheimilt að neyta áfengis- eða vímuefna á meðan hann dvelur á áfangaheimilinu.
- Fanga er skylt að hlíta fyrir mælum húsvarðar, framkvæmdastjóra Verndar og/eða Fangelsismálastofnunar.
- Fanga er skylt að láta í té öndunar- og/eða þvagsýni vegna áfengis- eða vímuefnaeftirlits þegar þess er óskað.

Almenn ákvæði laga um fullnustu refsinga og reglugerða settum samkvæmt þeim gilda um afplánun á Áfangaheimili Verndar að Laugateigi 19.

Brot á reglum þessum, húsreglum Verndar svo og kæra fyrir refsiverða hegðun getur leitt til þess að Fangelsismálastofnun ákveði að flytja fanga til áframhaldandi afplánunar í fangelsi.

6. gr.

Reglur þessar eru settar af Fangelsismálastofnun ríkisins og byggjast á heimild í 24. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005 og samkomulagi milli stofnunarinnar og Félagasamtakanna Verndar frá 15. maí 2007 og öðlast þær þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi reglur um afplánun á Áfangaheimili Verndar að Laugateigi 19, Reykjavík, dags. 16. febrúar 2009.

Fangelsismálastofnun ríkisins, 11. september 2009.

Páll E. Winkel (sign.)